

## 2. gr.

Allur kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hríseyjarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að gilda frá og með 1. janúar 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum (HCFC) á árinu 1997.**

## 1. gr.

Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn vetnisklórflúorkolefni (HCFC) á árinu 1997 í samræmi við d. lið 4. og 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994, um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna, skulu senda umsóknir til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt auglýsingu stofnunarinnar í Lögbirtingablaði þar að lútandi.

Umsóknir um innflutningsleyfi þurfa að berast innan þess frests sem kveðið verður á um í auglýsingu Hollustuverndar ríkisins í Lögbirtingablaðinu.

## 2. gr.

Við ákvörðun á magni HCFC til fyrirtækja skal stuðst við magn (HCFC) og klórflúorkolefna (CFC) sem flutt var inn til landsins árið 1989.

## 3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994, um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. nóvember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti.**

## 1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Aðili, sem selur skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 800.000 kr. á almanaksári, skal á næsta almanaksári nota það sem uppgjörstímabil. Jafnframt skulu aðilar sem eru að hefja skattskylda starfsemi nota almanaksárið sem uppgjörstímabil.